

## ÁRSSKÝRSLA 1966

### Körfuknattleikssamband Íslands.

#### Stjórn.

Stjórn KKÍ var þannig skipuð á árinu:

Bogi Þorsteinsson formaður, Magnús Björnsson varaformaður, Gunnar Petersen féhirðir, Agnar Friðriksson fundarritari, Þráinn Scheving brófritari, Helgi Sigurðsson form. Útbr. nefndar og Hallgrímur Gunnarsson form. laga- og leikreglna nefndar

#### Stjórnarstörf.

Alls voru haldnir 37 bókaðir fundir á árinu, auk nefndafunda og sérstakra funda með körfuknattleiksmönnum, þar sem rædd voru ýms vandamál og leiðir athugaðar til fjáröflunar.

Þöcins einn landsleikur var leikinn á árinu, en það var leikur við Dani, sem fram fór í Laugardalshöllinni. Þúur hafði verið samið við landslið Skota, um að hafa hér viðkomu á leið sinni frá Bandaríkjunum, en vegna mistaka í bókun flugferðar liðsins hjá flugfólagi, sem ekki hefir viðkomu á Keflavíkurflugvelli, þá tókst ekki að láta liðið koma við á Íslandi. Gerði þó stjórn KKÍ ítrekaðar tilraunir til að fá farniða Skotanna flutta yfir til Loftleiða, en vegna hins nikla fargjaldanismunar reyndist það ekki mögulegt.

Þar sem landslið hafði verið valið og æft undir heinsókn skoska liðsins og þar sem stjórn KKÍ taldi ekki annað fært en að láta a.m.k. einn landsleik fara fram heina á ári hverju, þá var ráðist í að bjóða danska landsliðinu að koma hingað til keppni og tóku Danir því boði með þökkum og verður landsleiksins getið síðar í skýrslunni.

Þar sem ákveðið er að Polar Cup keppnin, sem jafnframt er neistaramót Norðurlanda í körfuknattleik, verði háð á Íslandi á næsta ári, þá skipaði stjórn KKÍ s.l. vor sérstaka framkvæmdanefnd til að annast undirbúning undir Polar Cup nótið. Nefndina skipa:

Magnús Björnsson, Helgi Sigurðsson,  
Einar Matthíasson.

Tóku nefndarmenn að sér að annast undirbúning og framkvæmd alla í sambandi við landsleikinn við Dani.

Talsverður tekjuhalli varð af heinsókn danska landsliðsins, eins og sjá má af reikningum sambandsins. Hafði stjórn KKÍ vonast eftir að hægt yrði að fá nægilega aðsókn á landsleikinn og aukaleikinn, sem danska landsliðið lék við Íslandsneistara K.R., en þrátt fyrir þá staðreynd að landsliðssigrar yfir Dönun, eru næsta fágætir í öðrum íþróttagreinum, tókst ekki að fá þá aðsókn, sem dugði til að veða upp á móti útgjöldum við heinsóknina.

Sérstakur frankvændastjóri, Helgi Jóhannsson, var ráðinn til að annast störf á vegum útbreiðslunefndar og sjá um frankvænd Íslands-mótsins. Því niður starfaði Helgi aðeins stuttan tíma að þessum málum.

Nokkur vandræði hlutust af því að formaður Körfuknattleiksdómarafélagsins sagði af sér áður en Íslandsmótið hófst.

Hólnsteinn Sigurðsson hljóp þá undir bagga, með að taka að sér forystu í dómaramálum og kann stjórn KKÍ honum þakka fyrir ágæta aðstoð í sambandi við Íslandsmótið.

Mikill tekjuhalli varð af Íslandsmótinu, vegna lélegrar aðsóknar, og hinnar háu leigu fyrir Laugardalshöllina.

Verður að taka ákvörðun á þessu þingi, um hvort aftur verður flutt með mótið að Hálogalandi að einhverju öða öllu leyti. Vegna komu Þórs á Akureyri í I. deild verður hægt að láta 5 leiki fara fram á Akureyri og lóttir það nokkuð undir við kostnaðinn af að láta I. deild keppta í Laugardalshöllinni.

#### Landsliðsnefnd:

Landsliðsnefnd skipuðu:

Guðmundur Þorsteinsson, Þráinn Scheving og Helgi Jóhannsson.

#### Hátalarakerfi í Laugardalshöllinni.

Þar sem reglur í körfuknattleik eru af ýmsum taldar flóknari og torskildari fyrir áhorfendur, heldur en leikreglur í mörgum öðrum íþróttagreinum, þá hefir sú regla verið tekin upp erlendis að útskýra leikinn fyrir áhorfendur í gegn um hátalarakerfi íþróttahúsanna.

Þar sem íslensk íþróttahús eru ekki búin slíku hátalarakerfi, þá höfðu leikskýringar ekki verið reyndar hér á landi fyrr en í leik K.R. gegn Simmenthal í fyrra, en KRingar leigðu hátalarakerfi fyrir stóra fjárupphæð.

Þessi tilraun þótti takast svo vel að stjórn KKÍ ákvað að gera tilraun með að útvega hátalarakerfi í Laugardalshöllina og nota það á Íslandsmótinu.

Af sórstakri tilviljun tókst KKÍ að fá lánað gamalt hátalarakerfi, sem hætt var að nota annarsstaðar og var það sett upp í Laugardalshöllinni, eftir að tilskild leyfi höfðu fengist frá frankvæðanefnd hússins. Var hátalarakerfið síðan notað á Íslandsmótinu og þótti gefa góða raun.

Leikklucca, er sýnir bæði leiktíma og stigatölu hefir einnig verið sett upp í Íþróttahöllinni og áttu körfuknattleiksmenn sinn þátt í því að klukkan er konin á sinn stað.

#### Íþróttamaður ársins 1966.

Stjórn KKÍ var á fundi, er honni bárust þau gleðilegu tíðindi að fyrirliði landsliðsins, Kolbeinn Pálsson, hefði verið kjörinn af íþróttافرéttamönnum, íþróttamaður ársins 1966. Þar með hafði körfuknattleiksmaður í fyrsta sinn hlotið þá æðstu viðurkenningu sem íþróttافرéttamenn geta veitt einstökum íþróttamanni. Stjórnin fagnaði að sjálf-sögðu þeirri viðurkenningu er körfuknattleiksíþróttin hlaut með vali Kolbeins og til að votta honum þakklæti frá körfuknattleiksmönnum, færðu stjórnarmenn Kolbeini blóma-körfu þegar um kvöldið.

#### Gullmerki KKÍ.

Tveir menn hlutu gullmerki KKÍ á árinu.

Magnús Björnsson var sændur gullmerkinnu á 200. stjórnarfundum KKÍ, en Magnús hefir átt sæti í stjórninni frá stofnun sambandsins.

Ingi F. Gunnarsson, ÍKF var sændur gullmerkinnu í tilefni af að hann lék í vetur 15. árið í meistaraflokki á Íslandsmóti og hefir enginn leikmaður annar leikið það eftir. Ingi var einnig fyrirliði fyrsta landsliðs Íslendinga í körfuknattleik og er hann jafnframt einn af brautryðjendum körfuknattleiksins hér á landi.

#### Landsliðsmerki.

Tveim landsliðsmerkjunum var úthlutað eftir landsleikinn við Dani, en það voru þeir Jón Jónasson ÍR og Þórir Magnússon KFR., sem léku sína fyrstu landsleiki.

Þau mistök urðu við upptalningu á landsliðsmönnum í ársskýrslu í fyrra, að Kristinn Jóhannsson Í.S. var ekki talinn meðal þeirra er leikið höfðu landsleik á vegum KKÍ. Kristinn lék hinsvegar bæði gegn Svíum og Dönnum á árinu 1961. Leiðréttast þessi mistök hér með, og hefir Kristni verið sent merkið.

Starfsskýrsla Laga- og leikreglnanefndar KKÍ 1966 - 67.

Í nefndinni áttu sæti:

Hallgrímur Gunnarsson formaður, Guðmundur Þorsteinsson og Jón Otti Ólafsson.

Nýjar leikreglur voru gefnar út í byrjun starfsársins, en Guðmundur Þorsteinsson hafði þýtt reglurnar af mikilli þrýði og gefið KKÍ þýðinguna.

Mikill skortur var á starfhæfum dómurum og því brýn nauðsyn á að halda dómaramámskeið sem fyrst. Var hið fyrra af tveim námskeiðum, sem haldin voru í Reykjavík, haldið skömmu fyrir Íslandsmótið og þar fengu 4 nýjir dómárar skýrteini. Á síðara námskeiðinu voru útskrifaðir 3 dómárar.

Ennfremur var haldið upprifjunarnámskeið á Akureyri og nýju reglurnar kynntar starfandi dómurum.

Kennari á öllum þessum námskeiðum var Guðmundur Þorsteinsson.

KKÍ var boðið að senda dómara á námskeið fyrir alþjóða-dómara, sem haldið var í Vínarborg fyrir tilstilli Alþjóðakörfuknattleikssambandsins. Enginn íslenskur dómari sótti um að fara á námskeiðið.

Nokkur vandræði voru á að útvega dómara á leiki Íslandsmótsins, en það mál var leyst í samvinnu við KKÍ.

Dómaraskorturinn er mikið vandamál, sem verður að leysa.

Er aðkallandi að útskrifa fleiri dómara og er full þörf fyrir a.m.k. 5 til 10 nýja dómara á ári.

Hallgrímur Gunnarsson.

Landsleikurinn við Dani.

Sjötti landsleikur Íslendinga og Dana var háður í Íþróttahöllinni sunnudagskvöldið 2. apríl. Var þetta fyrsti landsleikur þessara þjóða á heimavelli Íslenska liðsins.

Landslið hafði æft undir þennan leik lengi vetrar undir handleiðslu Helga Jóhannssonar og voru þessir leikmenn í liðinu:

Birgir Örn Birgis, Ármanni  
Guttormur Ólafsson, KR  
Agnar Friðriksson, ÍR  
Hjörtur Hansson, KR  
Birgir Jakobsson, ÍR  
Kolbeinn Pálsson, KR, fyrirliði  
Jón Jónasson, ÍR  
Gunnar Gunnarsson, KR  
Skúli Jóhannsson, ÍR  
Þórir Magnússon, KFR  
Kristinn Stefánsson, KR.

Leikurinn var spennandi og jafn framan af og var staðan 15:15 um miðjan fyrri hálfleik þegar Þórir Magnússon KFR, kom inn á. Tókst þessum nýliða að hleypa niklu fjöri í leik Íslenska liðsins, en sjálfur skoraði hann 10 stig og varð staðan í hálfleik 36:21 okkar mönnum í vil. Danir sóttu nokkuð á í síðari hálfleik, en sigur Íslenska liðsins komst aldrei í hættu og fengu allir skiptimenn að taka þátt í leiknum og minnst ég varla að slíkt hafi fyrr skeð í landsleik.

Úrslitatölurnar urðu 61:51 og hafa Íslendingar þá sigrað Dani í fjórum síðustu leikjum þessara liða, en fyrstu tveir leikirnir töpuðust naunlega. Í þessum sex leikjum hafa Íslendingar samtals skorað 328 stig gegn 304 stigum Dana.

Á mánudagskvöldið 3. apríl léku Danir við Íslandsmeistara K.R. og með fullri virðingu fyrir Íslandsmeisturunum munu fáir utan KR hafa spáð KR sigri í þeim leik.

En hið skemmtilega skeði, KR-liðið mætti sanstillt og sigurveisst til leiks og sigraði í miklum baráttuleik með 65:55 en í hálfleik var staðan 34:26 Dönun í vil.

Þæði landsliðin ásamt fararstjórn Dana, stjórn KKÍ, þjálfara og dómurum sat hádegisverðarboð Menntamála-  
ráðuneytisins á Hótel Sögu. Knútur Hallsson ráðuneytis-  
stjóri, sem er körfuknattleiksmönnum að góðu kunnur,  
stjórnaði hófinu, sem fór hið bezta fram.

Að hádegisverði loknum var Dönun boðið í ferð um  
Reykjavík og sýnd borgin, en nokkrir körfuknattleiksmenn  
slóust með í ferðina og gerði það hana ánægjulegri.

### Gjafir.

Danska landsliðið fékk áletraðan oddfána KKÍ og  
eftirprentun af íslenzku málverki.

Sendiherra Bandaríkjanna Hr. James Pennfield, var  
ferður að gjöf áletraður vindlingakassi með merki KKÍ  
gryptu í lokið. Var gjöfin afhent í Sendiráði Bandaríkjanna  
við hátíðlega athöfn, skömmu áður en sendiherrann hélt  
alfarinn burt af landinu.

Pennfield sendiherra hafði sýnt íslenzkun körfuknatt-  
leiksmönnum margvíslega fyrirgreiðslu og var hann tíður  
gestur á körfuknattleikskeppnum. Ennfrömur hafði sendi-  
herrann gefið veglegann bikar til keppni á milli úrvalsliöðs  
KKRR og úrvalsliöðs Bandaríkjanna af Keflavíkurflugvelli.

### Keppni um Sendiherrabikarinn.

Hin árlega fimm leikja keppni milli úrvalsliöðs KKRR og  
úrvalsliöðs Bandaríkjanna af Keflavíkurflugvelli fór fram  
í marz-mánuði. Var nú í fyrsta skipti keppt um hinn glæsi-  
lega Sendiherrabikar. KKRR sýndi landsliöðsnefnd KKÍ þann  
velvilja að leyfa henni að velja lið það er keppti fyrir  
hönd Reykjavíkur. Fékkst með þessu nikilsverð reynsla á  
getu leikmanna fyrir landsleikinn við Dani.

Úrvalslið KKRR og landsliöðsnefndar sigraði í keppninni,  
eins og jafnan áður, en fimmti leikur keppinnar var hreinn  
úrslitalaikur.

Úrslit einstakra leikja keppinnar:

1.	leikur	5.	marz	Reykjavík	54:51	fyrir	KKRR
2.	"	10.	"	Keflav.flv.	65:64	"	Bandar.nonn
3.	"	17.	"	Keflav.flv.	47:45	"	Bandar.nonn
4.	"	25.	"	Keflav.flv.	56:49	"	KKRR
6.	"	28.	"	Reykjavík	51:47	"	KKRR

Íslandsmótið 1967.

Eins og undanfarin ár, sá stjórn KKÍ unfrankvænd 16. meistaramóts Íslands í Körfuknattleik. Alls tóku þátt í nótinu um 400 keppendur í 35 flokkum frá 12 félögum og mun nót þetta hafa verið það fjölmennasta, sem haldið hefir verið. Leiknir voru 80 leikir og samtals voru skoruð 6882 stig.

Nú var í fyrsta skipti keppt í Laugardalshöllinni, en þar fóru fram allir I. deildar leikir, flestir leikir í 2. deild auk nokkurra fleiri leikja, sem varð að láta þar fram fara vegna óhagstæðrar niðurröðunar á leikdögum.

Úrslitaleikur í 2. deild fór fram á Akureyri og var það jafnframt fyrsti leikur í Íslandsmóti, sem fram fór í höfuðstað Norðurlands.

Úrslitaleikur milli ÍKF og Skarphéðins fór fram skömmu fyrir Íslandsmótið, um hvort liðið skyldi hljóta 6. sætið í I. deild, svo sem sanþykkt hafði verið á síðasta körfuknattleikspingi. Sigræði ÍKF og lék því í I. deild s.l. vetur.

Íþróttafélag Stúdenta, sem var neðst í I. deild, féll niður í II. deild, en lið Íþróttafélagsins Þór á Akureyri sigraði í II. deild og leikur því í I. deild á næsta Íslandsmóti.

Úrslit í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistarafli karla, I. deild K.R.

Meistarafli karla, II. deild Þór Akureyri.

1. fl. karla, K.R.

2. fl. karla, K.R.

3. fl. karla, Ármann

4. fl. karla, Ármann

Meistarafli kvenna, Í.R.

2. fl. kvenna, Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar.

Lokastaðan í I. deild var þessi:

1. K.R.	11	10	1	833:515	20 stig.
2. Í.R.	11	9	2	690:593	18 " "
3. KFR.	10	4	6	581:604	8 " "
4. Ármann	10	3	7	503:548	6 " "
5. ÍKF.	10	3	7	524:653	6 " "
6. Í.S.	10	2	8	426:644	4 " "

Lokastaðan í II. deild varð þessi:

1. Þór, Akureyri	3	3	0	158:143	6	stig.
2. I.V.	3	2	1	160:119	4	" "
3. HSK.	3	1	2	151:150	2	" "
4. Snæfell	3	0	3	108:165	0	" "

Þar sem úrslit í einstökum leikjum Íslandsmótsins voru prentuð í 4. tölublaði Íþróttablaðsins, þá þykir ekki ástæða til að longja ársskýrsluna með þeirri upptalningu, heldur vísast til Íþróttablaðsins með þær upplýsingar.

Stigahæzti einstaklingur á Íslandsmótinu varð Þórir Magnússon leikmaður KFR. Skoraði hann samtals 31.1 stig, eða 31.1 stig að meðaltali í leik. Er hér un frábært afrek af Þóris hálfu að ræða, en einnig setti hann "Íslandsmót" í stigatölu í leik, er hann skoraði 57 stig í leik KFR gegn Stúdentun á Íslandsmótinu, og er það hæsta stigatala, sem einstakur leikmaður hefir náð í leik á Íslandsmóti í körfuknattleik.

Til þess að minnast þessa afreks Þóris og jafnframt til að hvetja aðra körfuknattleiksmenn til dáða og meiri afreka, þá hefir stjórn KKÍ ákveðið að veita Þóri sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir þetta afrek sitt.

Stúlkur frá Ísafirði tóku nú í fyrsta skipti þátt í Íslandsmóti í Körfuknattleik. Má segja að Ísfirzku stúlkurnar, konu, sáú og sigrúðu, en þær færðu Vestfirðingum fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik með sigri sínum í 2. flokki.

Sigur Ármanns í 4. flokki drengja var eftirtektarverður, en Ármannspiltarnir skoruðu 89 stig gegn 14 og munu þetta vera einhverjir þeir mestu yfirburðir, sem einstakt lið hefir sýnt í yngri flokkunum á Íslandsmóti. Eru Ármenningar ekki á flæðiskeri staddir með slíkan efnivið.

Þátttaka liða utan Reykjavíkur hefir aldrei frá upphafi Íslandsmótsins verið jafn mikil og síðastliðinn vetur.

Alls tóku 14 lið utan af landi þátt í mótinu og voru þar á meðal Ísfirðingar og Vestmannaeyjingar, sem nú tóku þátt í mótinu í fyrsta skiptið. Bendir þessi aukna þátttaka til aukins áhuga fyrir körfuknattleik úti um landsbyggðina.



SKÝRSLA ÚTBREIÐSLUNEFNDAR.

Í útbreiðslunefnd K.K.Í. störfuðu þeir Ásgeir Guðmundsson og Sigurður P. Gíslason auk formanns nefndarinnar Holga Sigurðssonar.

Þegar nefndin tók til starfa hafði Holgi Jóhannsson, landsliðsþjálfari verið ráðinn til frankvændastjórastarfa fyrir nefndina og var nefndin vongóð um vænlegan árangur í útbreiðslustöfum frankvændastjórans. Því niður fékk nefndin ekki notið starfskrafta frankvændastjórans nema fyrstu vikur starfstímanns.

Ráðgert hafði verið að halda fræðslu- og kynninganámskeið fyrir íþróttakennara dagana 11.- 12. marz, en þar sem að nægileg þátttaka fékkst ekki, var hætt við námskeiðið að sinni. Vera má að námskeiðið hafi ekki verið nægilega auglýst í blöðum og útvarpi, og að það sé ein aðal ástæðan fyrir lélegri þátttöku.

Nefndin telur það vera mjög þýðingarmikið fyrir útbreiðslu körfuknattleiks, að íþróttakennurum og öðrum íþróttaleiðbeinendum sé gefinn kostur á fræðslu og kynningu á körfuknattleiksíþróttinni, og leggur því áherzlu á að þetta mál verði tekið upp á næsta starfsári.

Fræðsluritið "KÖRFUKNATTLEIKUR I" gaf nefndin út snemma á árinu og var tilgangurinn með útgáfunni n.á. að gefa íþróttakennurum og íþróttaleiðbeinendum kost á fræðsluriti sem nota mætti við kennslu. Ritið er einnig hugsað sem kennslurit fyrir byrjendur.

Þetta fyrsta fræðslurit sem K.K.Í. gefur út var tekið saman og undirbúið undir fjölritun af Sigurði P. Gíslasyni, en nonendur úr 2. bekk S og S.G. í gagnfræðadeild Hlíðarskóla aðstoðuðu við verkið.

Körfuknattleiksþjálfaranámskeið í Svíþjóð 18.-22. júní 1967

Sænska Körfuknattleikssambandið bauð 5 þjálfurum frá Íslandi til að taka þátt í námskeiði fyrir körfuknattleiksþjálfara, en aðeins 3 íslendingar gátu tekið þátt í

námskeiðinu og voru það Hörður Tulinius, frá Akureyri, Brynja Hólm og Helgi Hólm frá Keflavík. Segir Helgi Hólm í bréfi til K.K.Í. m.a. eftirfarandi um ferðina:

"Námskeiðið var til húsa í menntaskóla í Stokkhólmi, skammt frá miðborginni, og voru aðstæður hinar beztu. Þátttakendur gistu í skólanum og voru einnig í fæði á sama stað. Ásamt okkur voru þátttakendur frá Noregi, Danmörku, Finnlandi og að sjálfsögðu frá Svíþjóð. Alls vorum við tuttugu og sjö.

Áke Nilson, forseti Körfuknattleikssambandsins, setti námskeiðið, bauð gestina velkomna og kynnti síðan aðalkennarann, Jin Mc Gregor frá Bandaríkjunum.

Vikuna á undan hafði verið haldið stórt námskeið á sama stað, og voru þátttakendur á annað hundrað unglingar hvaðanæfa að úr Svíþjóð. Úr þeim hópi hafði síðan verið valinn tíu manna hópur, sem Mc Gregor hafði sér til aðstoðar. Var þetta til mikils hagræðis, og átti Mc Gregor hægt með að útskýra og útfæra ýmsar leikfléttur og æfingar með hinum ungu piltum. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að sýna helztu aðferðir í sókn og vörn, sem nú eru efst á baugi í körfuknattleik í dag. Benti Mc Gregor okkur sérstaklega á hina svonefndu "press defence", sem hann taldi að ætti eftir að gera leikinn meira spennandi og skemmtilegri, þar sem minna yrði um dauða punkta, því þá er barist um knöttinn um allan völlinn allan tímann.

Við Íslendingarnir áttum mjög skemmtilegan tíma á meðan við dvöldum í Stokkhólmi. Kynntumst við áhuganönnun frá hinum Norðurlöndunum, og við umræður kom í ljós, að þeir eiga við hin sömu vandamál að stríða og við. Þá voru menn bjartsýnir og trúðu á framgang körfuknattleiksins í náinni framtíð. Margir höfðu orð á því að þeir hlökkðu til að koma til Íslands næsta vor í Polar Cup keppnina 1968.

Að lokum viljum við þakka K.K.Í. og öðrum þeim, sem stuðluðu að þessari för okkar, sem við teljum okkur hafa haft nikið gagn af".

Bikarkeppni K.K.f.

sem fór fram í september/október.

Sogja ná að vetrarstarf körfuknattleiksmanna hafi byrjað með bikarkeppninni. Alls tilkynntu þátttöku 9 lið, en Vestmannaeyingar urðu að hætta við þátttöku, þar sem að enginn salur í Reykjavík fékkst til æfinga fyrir þá, en allflestir úr liði þeirra eru við nán í Reykjavík í vetur.

Niðurröðun leikja í bikarkeppninni og úrslit urðu sem hér segir:

1. riðill Vesturland:

U.M.F. Snæfell - Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar  
51:52 (22:26)

2. riðill Norðurland:

U.M.F. Tindastóll - Knattspyrnufélag Akureyrar  
31:25

3. riðill Suðurland:

U.M.F. Laugdæla - U.M.F. Selfoss  
2:0 (Selfoss gaf  
leikinn)

4. riðill Reykjavík:

K.R. - Ármann  
40:36 (28:16)

Liðin sem unnu sinn riðil áttu að leika til úrslita á Akureyri, helgina 14.-15. október, en Ísfirðingar gátu ekki mætt þar vegna þess að ekki var flogið frá Ísafirði vegna veðurs.

Úrslitin urðu þessi á Akureyri:

K.R. - Tindastóll  
68:31 (28:12)

U.M.F. Laugdæla hætti keppni.

Ísfirðingar léku næstu helgi á eftir úrslitaleikinn við K.R. og fór leikurinn fram í Reykjavík.

K.R. - K.F.f.  
75:35 (39:14)

Sigurvegari K.R., vann fagran verðlaunagrip sem Samvinnu-tryggingar hafa gefið, en þetta er í þriðja sinn sem keppt er um verðlaunagripinn og hafa áður unnið hann Arnann og K.R.

Hvað er hægt að gera til að útbreiða körfuknattleik á Íslandi, er spurning sem oft hefur verið rædd á fundum nefndarinnar og sérstakir fundir hafa verið haldnir með stjórn K.K.Í. og öðrum áhugamönnum um körfuknattleik, þar sem leitast hefur verið að fá fram hugmyndir eða tillögur sem nota mætti við útbreiðslustörfin.

Margar all athyglisverðar hugmyndir hafa komið fram, s.s. útgáfa fréttabréfis, að körfuknattleiksmót taki yfir styttri tíma en verið hefur, útbreiðsla í skólum o.fl.

Verið getur að fjárhagsvandamál sé orsök þess að sum af þessum atriðum hafa ekki enn verið framkvæmd, en útbreiðslu-nefndin vill að lokum leggja áherzlu á það, að kynningar- og fræðslustarfsseni er eitt af megin mállefnum sem leggja þarf áherzlu á í komandi framtíð.